# Aðgerðabundin og tímasett markmiðaáætlun

Mikilvægt er að horft verði á þessa þætti sem breytt vinnulag til framtíðar en ekki átak.

| Nr. | Tillaga | Aðgerð | tímaáætlun | ábyrgðaraðili |
|---|---|---|---|---|
| 1 | Stuðla að meðaltalshækkun á lestrarfærni (Læsi-2/Lesmál og PISA annað þrep) nemenda í Reykjavík verði um 1% á ári þangað til 90% viðmiði er náð | Fá fram nákvæmari umræður um árangur í lestrarfærni við lok annars bekkjar (Lestraskimanir, Læsi-2/Lesmál). Athyglinni beint að öllum þremur hópunum sem skimanir veita upplýsingar um og hvetja kennara til að útbúa hæfniviðmið sem hæfa hverjum hópi | 2019 -> | MML í samvinnu við SKOR og skólasamfélagið |
| | | Efla þekkingu kennara og starfsfólks á öllum skólastigum og í frístundastarfi á þáttum málþroska og læsis. | 2019 -> | MML í samvinnu við MMS, kennsluráðgjafar þjónustumiðstöðva, talmeinafræðingar og starfsfólk í skóla- og frístundastarfi |
| | | Stuðla að beitingu skipulagðra vinnubragða til að efla málþroska og læsi í skóla- og frístundastarfi, Response to Intervention (RTI) | 2019 -> | MML, sérkennsluráðgjafar þjónustumiðstöðva, talmeinafræðingar og sérkennarar í skóla- og frístundastarfi |
| | | Bjóða upp á leiðsögn um markviss vinnubrögð (RTI) í leik- og grunnskólum | 2019 -> | MML, sérkennsluráðgjafar þjónustumiðstöðva, talmeinafræðingar og sérkennarar |
| | | Stuðla að markvissri vinnu með alla þætti málþroska og læsis frá því að barn byrjar í leikskóla til loka grunnskólagöngu | 2019 -> | MML, sérkennsluráðgjafar þjónustumiðstöðva, talmeinafræðingar, sérkennarar í skóla- og frístundastarfi og kennara leik- og grunnskóla |
| | | Bjóða upp á fræðslu til foreldra/forráðamanna um hlutverk þeirra við eflingu málþroska og læsis | 2019 -> | MML, sérkennsluráðgjafar þjónustumiðstöðva, talmeinafræðingar og sérkennarar |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | Fjölga kennurum með sérþekkingu til að sinna nemendum með íslensku sem annað mál og lestrarkennslu á yngsta stigi<br><br>Starfsstaðir Skóla- og frístundasviðs setji sér virka málstefnu sem byggir á Málstefnu Reykjavíkur.<br><br>Fjölga kennurum og starfsfólki í leikskólum sem hefur þekkingu á eflingu málþroskans til að leikskólar uppfylli forvarnarhlutverk sitt vegna málþroska og læsis<br><br>Efla þekkingu kennara allra skólastiga á málþroskaröskunum, afleiðingum þeirra og leiðum til að styðja börn til að ná árangri í námi<br><br>Taka þátt í að bæta viðhorf og umræðu um PISA prófin í samvinnu við skólasamfélagið,  MMS og Mennta- og menningarmálaráðuneytið | 2019 -><br><br>2019 -><br><br>2019 -><br><br>2019 -><br><br>2019 -> | Skrifstofa SFS og grunnskólastjórnendur<br><br>MML, skrifstofa SFS, Skólastjórnendur og framkvæmdastjórar frístundastarfs Stjórnendur SFS og skólastjórnendur<br><br>Skrifstofa SFS og leikskólastjórnendur<br><br>MML, sérkennsluráðgjafar þjónustumiðstöðva, talmeinafræðingar, sérkennarar í skóla- og frístundastarfi<br><br>Allt skólasamfélagið |
| Nr. | Tillaga | Aðgerð | tímaáætlun | ábyrgðaraðili |
| 2 | Læsisstefnur SFS verði endurskoðaðar á þriggja ára fresti og læsisáætlanir leik- og grunnskóla verði endurskoðar árlega | Samvinna fagskrifstofu SFS og MML verði um endurskoðun læsisstefna SFS. Verklag um þá vinnu verði útbúið vor 2019<br><br>Útbúa verklag vegna samvinnu fagskrifstofu SFS og MML um innköllun læsisáætlana. Það skal tilbúið fyrir árslok 2019<br><br>Ljúka þarf við læsisstefnu fyrir grunnskóla Reykjavíkurborgar fyrir árslok 2020<br><br>Allir leik- og grunnskólar hafi lokið við gerð læsisáætlunar sem byggir á stefnu SFS og skýrslu fagráðsins, vorið 2021 | 2019<br><br>Árslok 2019<br><br>Fyrir árslok 2020<br><br>2021 | MML og læsisteymi skrifstofu SFS<br><br>MML og læsisteymi skrifstofu SFS<br><br>MML í samvinnu við skrifstofu SFS og fulltrúa stjórnenda og kennara frá grunnskólum Reykjavíkur<br><br>Starfsfólk leik- og grunnskóla |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | Allir leik- og grunnskólar yfirfari læsisáætlanir sínar árlega<br><br>Læsisstefnur leik- og grunnskóla verði sameinaðar í eina stefnu fyrir 1. ágúst 2022 | 2021-><br><br>1. ágúst 2022 | Starfsfólk leik- og grunnskóla<br><br>MML í samvinnu við skrifstofu SFS og fulltrúa stjórnenda og kennara frá leik- og grunnskólum og frístundastarfi |
| Nr. | Tillaga | Aðgerð | tímaáætlun | ábyrgðaraðili |
| 3 | Samræmd vinnubrögð varðandi mat á stöðu og framförum barna | Lesferill MMS verði notaður í grunnskólum borgarinnar<br><br>Hver grunnskóli útfæri aðgerðaáætlun vegna stöðu barna<br><br>Unnið verði að því að nafnlausar niðurstöður Lesferils verði aðgengilegar ráðgjöfum MML, talmeinafræðingum og kennsluráðgjöfum þjónustumiðstöðva<br><br>Hljóm-2 verði áfram lagt fyrir fimm ára börn í leikskólum borgarinnar<br><br>Hver leikskóli geri sér áætlun um hvernig hann hyggst fylgjast með framförum barna yngri en fimm ára í málþroska og læsi sem hluta af læsisáætlun<br><br>Hver leikskóli útfæri aðgerðaáætlun vegna stöðu barna<br><br>Óskað verði eftir að MMS ljúki gerð lesskilningsprófa, ásamt því að útbúa fjölbreytt matstæki um málþroska og læsi fyrir leik- og grunnskólastig | 2019 -><br><br>2019 -><br><br>2019 -><br><br>2019 -><br><br>2019 -><br><br>2019 -> | Starfsfólk í grunnskólum<br><br>Starfsfólk í grunnskólum<br><br>MML í samvinnu við Menntamálastofnun og SKOR<br><br>Starfsfólk leikskóla<br><br>Stjórnendur og starfsfólk leikskóla<br><br>Stjórnendur og starfsfólk leikskóla<br><br>MML ræðir við Læsisteymi MMS um mikilvægi greiningartækja |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | Starfshópurinn leggur til að hætt verði að nota Læsi-2 í grunnskólum borgarinnar<br><br>Starfshópurinn leggur til að grunnskólar borgarinnar noti lesskimunarpróf menntamálastofnunar | 2019 -> | Starfsfólk í grunnskólum<br><br>Starfsfólk í grunnskólum |
| Nr. | Tillaga | Aðgerð | tímaáætlun | ábyrgðaraðili |
| 4 | Í öllum hverfum verði formgert samstarf milli leikskóla grunnskóla og frístundastarfs. | MML geri úttekt á stöðu samstarfs í hverfum borgarinnar, dragi saman niðurstöður og ljúki því fyrir 1. júlí 2019<br><br>Verklag um samstarf milli skóla og frístundastarfs verði endurskoðað og lokið í sept. 2019<br><br>Vorið 2019 mun MML funda með samráðshópum stjórnenda leik-, grunnskóla og frístundastarfs í hverfum borgarinnar um framgang samstarfsverkefna<br><br>MML bjóði upp á námskeið fyrir stýrihópa um samstarfsverkefni<br><br>Lagt er til að samstarf milli leik-, grunnskóla og frístundastarfs verði á ábyrgð tiltekinna aðila innan starfsstöðva, t.d. aðstoðarskólastjóra og forstöðumanna frísundastarfs | Lokið 1. júlí 2019<br><br>Lokið maí 2019<br><br>Lokið haust 2019<br><br>2019 -><br><br>2019 -> | MML<br><br>MML<br><br>MML<br><br>MML<br><br>Starfsfólk í leik- og grunnskólum og fylgt eftir af MML |
| Nr. | Tillaga | Aðgerð | tímaáætlun | ábyrgðaraðili |
| 5 | Allir leik- og grunnskólar stofni læsisteymi | Haustið 2019 séu starfandi læsisteymi í öllum leik- og grunnskólum borgarinnar<br><br>MML fylgi eftir tillögu fagráðsins um stofnun læsisteyma og veiti ráðgjöf og eftirfylgd við þau<br><br>MML bjóði upp á námskeið um hlutverk og ábyrgð læsisteyma | 2019<br><br>2018 -><br><br>2019 -> | Stjórnendur í leik- og grunnskólum<br><br>MML og stjórnendur í leik- og grunnskólum<br><br>MML |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | Í hverjum skóla sé tengiliður við MML vegna vinnu með málþroska og læsi | Lokið okt. 2019 | Stjórnendur í leik- og grunnskólum í samstarfi við MML |
| Nr. | Tillaga | Aðgerð | tímaáætlun | ábyrgðaraðili |
| 6 | Efla samstarf VEL og SFS með hag barna að leiðarljósi | Gera VEL og SFS kleift að deila verkefnum og samnýta starfsfólk<br><br>Skilgreina þörf fyrir kennsluráðgjafa og talmeinafræðinga á þjónustumiðstöðvum og skoða starfshlutföll og skiptingu verkefna milli hverfa | 2019 -><br><br>2019 -> | Samstarf VEL og SFS – samþykki Skóla- og frístundaráðs og Velferðarráðs<br><br>Samstarf VEL og SFS – samþykki Skóla- og frístundaráðs og Velferðarráðs |
| Nr. | Tillaga | Aðgerð | tímaáætlun | ábyrgðaraðili |
| 7 | Koma á markvissum vinnubrögðum samkvæmt hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar og stigskiptrar kennslu (e. response to intvervention, RTI) | Að unnið sé á markvissan hátt með málþroska og læsi út frá þörfum barna<br><br>Aukin áhersla verði á stuðning fyrir börn sem þurfa á honum að halda innan leik-, grunnskóla og frístundastarfs<br><br>Gátlistar um læsisáætlanir í leikskólum kynntir fyrir öllum leikskólastjórum og starfsmönnum leikskóla á haustmánuðum 2019<br><br>Söfnun upplýsingum frá leikskólum á niðurstöðum á Hljóm – 2 verður frá og með hausti 2019<br><br>MML bjóði upp á námskeið um markviss vinnubrögð til að efla málþroska og læsi í leik- og grunnskólum og í frístundastarfi<br><br>Komið verði á verklagi hjá leikskólum um skráningu á niðurstöðum heilsugæslunnar | 2019 -><br><br>2019 -><br><br>2019 -><br><br>2019 -><br><br>2019 -><br><br>2019 -> | MML, kennsluráðgjafar þjónustumiðstöðva, kennarar, talmeinafræðingar og allt starfsfólk í skóla- og frístundastarfi<br><br>MML, stjórnendur og starfsfólk í skóla- og frístundastarfi<br><br>MML<br><br>Starfsfólk leikskóla í samvinnu við MML og kennsluráðgjafa<br><br>MML í samstarfi við starfsfólk leik- grunnskóla og frístundastarfs<br><br>Leikskólar í samstarfi við MML |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | Áframhaldandi samræður við heilsugæsluna um skil á niðurstöðum til leikskóla<br><br>MML býður grunnskólum upp á fræðslu um málþroska og málþroskavanda grunnskólabarna, lestrarörðugleika, lestrarkennsluaðferðir sem skila árangri og kennsluaðferðir sem henta börnum með íslensku sem annað tungumál<br><br>Stuðlað verði að útgáfu fjölbreyttra námsgagna fyrir börn á leikskólastigi sem tekur á öllum mál- og læsisþáttum<br><br>Hvatt verði til að auka fjölbreytni í útgáfu námsefnis á öllum skólastigum fyrir börn með sérstakar þarfir á sviði tals, máls, samskipta og læsis | 2019 -><br><br>2019 -> | MML<br><br>MML í samstarfi við háskólasamfélagið<br><br>SFS í samvinnu við útgefendur námsgagna<br><br>SFS í samvinnu við útgefendur námsgagna |
| Nr. | Tillaga | Aðgerð | tímaáætlun | ábyrgðaraðili |
| 8 | Aukinn stuðningur við kennara varðandi lestrarkennslu á öllum stigum grunnskólans | Leitað verði leiða til a styðja á markvissan hátt við nýja kennara í lestrarkennslu byrjenda og þeim fylgt fyrstu tvö skólaárin<br><br>Leitað verði leiða til að styðja á markvissan hátt við kennara á mið- og unglingastigi í vinnu með mál og læsi<br><br>MML standi fyrir fræðslu og námskeiðum til að styðja starfsfólk í skóla og frístundastarfi í vinnu með mál og læsi | 2019 -><br><br>2019-><br><br>2019 -> | MML, skrifstofa SFS, stjórnendur skóla í samstarfið við háskóla landsins<br><br>MML, skrifstofa SFS, stjórnendur skóla í samstarfið við háskóla landsins<br><br>MML, stjórnendur í skóla og frístundastarfi |
| Nr. | Tillaga | Aðgerð | tímaáætlun | ábyrgðaraðili |
| 9 | Unnið verði með niðurstöður skimana | Niðurstöðum úr Lesferli safnað saman og unnið verði úr þeim gögn sem nýtast skólastjórnendum, | 2019 -> | SKOR í samvinnu við MML og MMS |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | með það að markmiði að bæta skólastarf. | skrifstofu SFS, ráðgjöfum MML og kennsluráðgjöfum þjónustumiðstöðva til hagsbóta fyrir börn<br><br>Niðurstöður Milli mála málörvunarprófsins kynntar foreldrum og nýttar til að stuðla að auknum framförum nemenda með íslensku sem annað tungumál<br><br>Hvatt verði til þess að skil til skóla og skólayfirvalda á niðurstöðum vegna samræmdra prófa verði greind út frá prófþáttum og þeim sé skilað um leið og niðurstöðum til nemenda<br><br>Niðurstöður nýrra skimunartækja á vegum MMS nýttar á sama hátt | <br><br><br>2019-><br><br><br><br>2019-><br><br><br><br>2019-> | <br><br><br>Stjórnendur og kennarar í grunnskólum<br><br><br><br>MML og SKOR í samvinnu við MMS<br><br><br><br>SKOR í samvinnu við MML og MMS |